

## HEIM Í BÚÐARDAL 2024

Bæjarhátíðin Heim í Búðardal 2024 var haldin dagana 4. til 7. júlí sl. Í ár var lögð sérstök áhersla á að hafa viðburði og upptakomur fyrir yngri kynslóðina. Sömu helgi fór fram Eldhátíð á Eiríksstöðum sem bætti sannarlega við annars fjölbreytta dagskrá.

Á fimmtudagskvöldinu var hitað upp fyrir helgina á Vínlandssetrinu þar sem Einar Jón stjórnaði pub quiz og spilaði Gummi Sveinn fram eftir kvöldi.

Á föstudeginum hófst Eldhátíð að Eiríksstöðum þar sem spjótum var beint að tilraunaforneifafraeði á heimsmælikvarða. Þá bauð Dalía upp á listasmiðju fyrir börn á öllum aldri og örsýningin „Frumkvöðlar fortíðarinnar“ opnaði fyrir almenning þar sem mátti sjá og kynna sér horfið atvinnulíf og starfsemi fyrri tíma í Dölunum. KM og Kati buðu gestum og gangandi upp á grillaðar pylsur og meðlæti meðan feðgarnir frá Magnússkógum sáu um tónlist. Að því loknu var bátakeppni við Búðardalshöfn þar sem veitt voru verðlaun fyrir bátinn sem komst yfir á stystum tíma, sem og frumlegasta bátinn. Um kvöldið voru tónleikar í Dalíu með tónlistarfólkinu Soffíu og Péttri Ben ásamt undirleikurum.



Á laugardeginum hélt Eldhátíð á Eiríksstöðum áfram og aftur boðið upp á listasmiðju í Dalíu. Þá var sápubolti á íþróttavellinum í dalnum þar sem bæði ungir og aðeins eldri tóku þátt. MS í Búðardal fagnaði 60 ára afmæli með því að taka á móti gestum og gangandi, bjóða upp á smakk af vörum og Klói kókómjólki kíkta í heimsókn. Örsýningin „Frumkvöðlar fortíðarinnar“ var einnig opin á laugardeginum. Í Dalabúð var haldin markaður með skemmtilegu úrvali vöru og þjónustu bæði úr héraði og lengra að, mátti þar finna mat, handverk, snyrtivörur, eldhúsahöld og ýmislegt fleira. Þá kíktu Bestu lög barnanna í heimsókn sem hlaut góðar viðtökur og blöðrulistamenn frá Blaðraranum gerðu blöðrudýr og furðuverur fyrir gesti. Undir kvöldið var boðið upp á spjall um íslenskar heimsbókmenntir miðalda í Dalabúð með

Dr. Jackson Crawford, Dr. William R Short og Reyni Óskarsyni. Uppistandið Madame TouRette fór svo fram í Dalíu og Blys var með kokteila og kvöldopnun.



Á sunnudeginum var síðasti dagur Eldhátíðar á Eiríksstöðum. Gunna á Stóra Múla í Saurbæ var með þrjónakaffi og Bergrún Íris barnabókahöfundur kynnti verk sín í Dalabúð. Opnuð var sýning á verkum Hreins Friðfinnssonar í Árbliki en sýningin var einn af þremur viðburðum sumarsins til að minnst Hreins sem kvaddi fyrir á árinu. Farin var fjörumó á Fellsströnd og leyndardómar fjörunnar rannsakaðir og BMX brós mættu við Dalabúð til að sýna listir sínar og buðu svo upp á námskeið fyrir börnin í framhaldinu.



Auk ofantaldra dagskrárliða var opið hjá fyrirtækjum og ferðaþjónum um allt sveitarfélagið þessa daga. Má þar nefna Dalakot, Sælukotið Árblik, Rjórnabúið Erpsstaði, Dýragarðinn Hólum, Handverkshópin Bolla, Dísabúð, Fatabúð RK í Dölum og Reykhólasveit, Blys, Sælingsdalslaug og Vínlandssetrið.

Skreytingar voru sem fyrr: Grænn og/eða appelsínugulur sunnan megin í þorpinu. Rauður og/eða blár norðan megin í þorpinu. Gulur og/eða fjólublár í dreifbýlinu. Það var einstaklega gaman að sjá skreytingar sem settu skemmtilegan svip á sveitarfélagið.

Vill menningarmálanefnd Dalabyggðar þakka öllum þeim fjölmörgu aðilum sem lögðu hönd á plóg við að gera hátíðina okkar að því sem hún var; skemmtileg og fjölskylduvæn. Allt frá því að standa fyrir viðburðum og dagskrárliðum yfir í það í að taka vel í dagskránnu og mæta á svæðið.